

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Frá minni hluta viðskiptanefndar (AtlG).

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein sem orðist svo:  
Við 50. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Kjararáð ákveður laun og starfskjör bankastjóra fjármálafyrirtækja sem eru í meirihlutaeigu ríkisins og annarra starfsmanna þegar svo er háttáð um laun þeirra og starfskjör að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu, sbr. 1. gr. laga nr. 47/2006, um kjararáð.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein sem orðist svo:  
Á eftir 116. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:  
Um fjármálafyrirtæki sem eru í meirihlutaeigu ríkisins gilda ákvæði stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, og upplýsingalaga, nr. 50/1996.
3. Á undan 1. gr. komi ný kaflafyrirsögn sem orðist svo: I. kafli, **Breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.**
4. Við bætist nýr kafli, II. kafli, **Breyting á lögum um kjararáð, nr. 47/2006, með síðari breytingum**, með einni grein sem orðist svo:  
Á eftir orðunum „forstöðumanna ríkisstofnana“ í 1. gr. laganna kemur: bankastjóra og annarra starfsmanna fjármálafyrirtækja sem eru í meirihlutaeigu ríkisins.
5. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og lögum um kjararáð, nr. 47/2006.